

Mánudaginn 6. desember var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 19/2022.

HRFÍ

gegn

X

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 17. október sl. er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að X hafi gerst brotlegt við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum þann 06.02.2022 kom í ljós að Chinese Crested rakkinn x var ekki með gilt hnéskeljavottorð fyrir pörun. x er eigandi rakkans og xx, er eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins.

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram um CHINESE CRESTED að undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð. Hundar sem greinst hafa með retinopathy (Pigmentary chorioretinopathy) fara í ræktunarbann. Lámarsaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

Kæran var send X til umsagnar með bréfi dagsettu 17.október 2022 og gefinn var fjögurra vikna andmælafrestur. Engin andmæli bárust frá X. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða

X telst hafa gerst brotleg við 2.4 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

X hlýtur áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Arnheiður Runólfsdóttir

Brynja K. Magnúsdóttir

Brynja Kristín Magnúsdóttir

Selma Olsen

Selma Olsen